

Environmental Consulting Iceland - Umhverfisráðgjöf Íslands
Stefán Gíslason
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Reykjavík, 24. mars 2023
Tilvísun: 202301117 / 4.2.1

Efni: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi – Umsögn Skipulagsstofnunar.

Vísað er til erindis Umhverfisráðgjafar Íslands, f.h. sveitarfélaga á Norðurlandi, til Skipulagsstofnunar dags. 16. febrúar 2023 um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Í áætluninni er kafli sem nefnist umhverfisskýrsla og gerir grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar. Samkvæmt erindinu hafa Sveitarfélögin á Norðurlandi lengi starfað saman að úrgangsmálum og var ráðist í gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir allt svæðið frá Hrútafirði í vestri að Melrakkaslétu í austri sem tók gildi árið 2016 með gildistíma 2015-2026. Í ljósi þeirra miklu breytinga sem gerðar voru á lögum um meðhöndlun úrgangs árið 2021, sem flestar taka gildi 1. janúar 2023, var ákveðið að ráðast í gerð nýrrar svæðisáætlunar til tólf ára.

Í erindinu kemur fram að samanburður við áætlanir og stefnur myndi kjarnann í umhverfismati svæðisáætlunarinnar en í umhverfismatinu sé einnig fjallað um raunhæfa valkosti við áætlunina, að því marki sem eðli svæðisáætlunarinnar gefi tilefni til. Þá kemur fram að frá umhverfislegu sjónarmiði feli meðhöndlun úrgangs í sér tiltekna áhættuþætti sem tilgreindir séu í þessu umhverfismati en til að koma í veg fyrir endurtekningar sama mats er þó ekki fjallað sérstaklega um hvern þátt um sig í umhverfismatinu, enda óhjákvæmilegt að um þá verði fjallað í umhverfismati framkvæmda sem leiði af áætluninni, svo vegna urðunarstaða, brennslustöðva og móttökustöðva.

Skipulagsstofnun telur að áætlunin og umhverfismatskýrsla hennar sé í öllum aðalatriðum greinargóð og vandlega unnin. Stofnunin bendir á eftirfarandi atriði eftir yfirferð áætlunarinnar og umhverfismatsskýrslu:

Í kafla 9.1 kemur eftirfarandi fram: “Í svæðisáætluninni er að finna áform um uppbyggingu tiltekinnar innviða, en í öllum tilvikum er þó gert ráð fyrir nánari greiningum áður en endanleg ákvörðun er tekin. Um er að ræða eftirtalda innviði: Móttökustöðvar, jarðgerðarstöðvar, aðstaða til meðhöndlunar seyru og urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang“. Svæðisáætlun gerir þannig ekki ráð fyrir brennslustöð og er tilefni til að gera grein fyrir ástæðum þess í áætluninni.

Í töflu 63 kemur m.a. fram að í svæðisáætlun sé gert ráð fyrir að urðun lífræns úrgangs verði hætt og er eitt af meginviðfangsefnum svæðisáætlunar að jarðgera úrgang. Skipulagsstofnun telur að mat á þeim jákvæðu áhrifum sem það hefur í för með sér mætti vera sýnilegra í umhverfismatsskýrslunni.

Eins og að framan sagði er í umhverfismatsskýrslunni ekki fjallað sérstaklega um eða lagt mat á tiltekna áhættuþætti til að koma í veg fyrir endurtekningar sama mats enda verði um þá fjallað í umhverfismati framkvæmda sem leiða af áætluninni, svo sem vegna urðunarstaða, brennslustöðva og móttökustöðva. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að til upplýsinga komi fram í umhverfismatsskýrslunni hvaða urðunarstaðir/brennslustöðvar/móttökustöðvar hafi hlotið málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Fram kemur eftirfarandi á bls. 190: „Í svæðisáætlun er gert ráð fyrir að unnin verður greining á kostum þess og göllum að koma upp litlum urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang á 3-4 stöðum á Norðurlandi“. Í töflu 63 kemur fram að í svæðisáætlun sé leitast við að draga úr flutningum með úrgang og þar með að stuðla að samdrætti í losun. Fjallað er um samanburð valkosta í kafla 9.8 m.t.t. mismunandi meðhöndlunar sorps en í dag er meirihluti úrgangs á Norðurlandi fluttur til Stekkjarvíkur. Ekki er vel sýnilegt að í svæðisáætlun sé tekið á eða fjallað um það óhagræði að flytja úrgang um langar leiðir í samanburði við að koma upp fleiri minni urðunarstöðum og ekki virðist gerð tilraun til að leggja mat á áhrif flutninga með úrgang um langan veg nema þá á mjög almennan hátt.

Í kafla 9.8.5 kemur fram að að í svæðisáætluninni sé gert ráð fyrir frekari greiningum sem lagðar verði til grundvallar uppbyggingu en í áætluninni er fjallað almennt um líkleg áhrif breyttra innviða. Bent er á að ástæða væri til í svæðisáætluninni að gera grein fyrir í hverju þessar greiningar verða fólgnar en þær eiga að fela í sér nánari samanburð valkosta.

Kafli 9.9. Skipulagsstofnun telur ástæðu til að nánar sé útskýrt í hverju vöktun og eftirlit felist. Ekki er gott að átta sig á því miðað við þá stuttu umfjöllun sem er í tillögunni.

Jakob Gunnarsson